

V-LISTI VG & ÓHÁÐRA

NORÐURÞINGI

MÁLEFNASKRÁ 2014-2018

Atvinnumál

V-LISTINN LEGGUR ÁHERSLU Á AÐ NORÐURÞING STUÐLI AÐ EFLINGU ALMENNIS FJÖLBREYTTIS ATVINNULÍFS. MIKILVÆGT ER AÐ UPPBYGGING ATVINNULÍFS BYGGI Á SJÁLFBÆRNI Í HAGRÆNU, SAMFÉLAGSLEGU OG UMHVERFISLEGU TILLITI.

Ferðapjónusta

Norðurþing leggi sérstaka áherslu á áframhaldandi vöxt sjálfbærrar ferðapjónustu sem undirstöðuatvinnuvegar til framtíðar í sveitarfélaginu.

Norðurþing geri starfsumhverfi fyrir ferðapjónustufyrirtæki eins aðlaðandi og mögulegt er. Lögð verði áhersla á lengingu ferðamannatímans og heilsársreksur fyrirtækja í ferðapjónustu með sterkum innviðum sem snúa að Norðurþingi s.s. skipulagi og þjónustu eins og sundlaugum, tjaldstæðum og upplýsingaveitum.

Iðnaður

Áhersla verði lögð á að hlúa að iðnaði og framleiðslustarfsemi af þeirri stærðargráðu og gerð sem hentar ólíkum byggðum Norðurþings.

Iðnaðarsvæði verði byggt upp á Bakka við Húsavík:

Norðurþing styðji og ljúki við sinn hluta verkefnis PCC á Bakka innan ramma þeirra ívilnana sem atvinnuvegaráðuneytið staðfesti árið 2013.

Iðnaðarsvæðið á Bakka verði vettvangur meðalstórra og minni iðnfyrirtækja sem valin verða m.t.t. til ásættanlegra áhrifa á umhverfi, samfélag og aðra atvinnuvegi.

Skoða ber möguleika á uppbyggingu iðngarða og efla verk- og tæknimenntun við skólastofnanir í sveitarfélaginu.

Sérstök áhersla verður lögð á að leita leiða til að efla ferðapjónustu í norðurhluta sveitarfélagsins, t.a.m. stuðla að því að uppbygging við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og Dettifossvegur klárast.

Sjávarútvegur

Norðurþing kappkosti að innviðir sveitarfélagsins sem snúa að rekstri sjávarútvegs verði í lagi, bæði fyrirútgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki og eins fiskeldisfyrirtæki í sveitarfélaginu.

Áhersla verði lögð á að byggðakvóti innan sveitarfélagsins verði veiddur og unninn og komi sannarlega til viðbótar þeim veiðiheimildum sem þegar eru til staðar.

Landbúnaður

Norðurþing standi vörð um innviði sveitarfélagsins sem snúa að búfjárrækt og matvælaframleiðslu. Ekki verði slegið af kröfum er varða minka- og refaveiðar innan sveitarfélagsins.

Stuðlað verði að viðunandi búsetuskilyrðum í dreifbýli innan Norðurþings, t.a.m. varðandi nettengingar, viðhald vega og almenna grunnþjónustu.

Sveitarfélagið stuðli að því að jarðir í sveitarfélaginu haldist í byggð eftir því sem kostur er. Sveitarfélagið móti sér stefnu þar að lútandi, m.a. varðandi kaup á jörðum.

Umhverfismál

V-LISTINN ÁLÍTUR GÓÐA UMGENGNI UM NÁTTÚRUNA OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU NÁTTÚRU-AUÐLINDA VERA UNDIRSTÖÐU FARSÆLS SAMFÉLAGS OG VILL GERA NORÐURÞING AÐ FYRIRMYNDARSVEITARFÉLAGI Í UMHVERFISMÁLUM.

Sorp- og frárennslismál

Norðurþing skipi sér í flokk þeirra sveitarfélaga á Íslandi sem leggja mest upp úr flokkun sorps til endurvinnslu alls staðar innan sveitarfélagsins. Tekið verði upp þriggja íláta flokkunarkerfi.

Stefnt verði að því að Norðurþing hafi sjálft, eða eftir atvikum í samstarfi við nágrennasveitarfélög, umsjón með sorphirðu og áframhaldandi úrvinnslu sorps.

Stofnanir Norðurþings taki upp virka endurvinnslu/flokkun í öllu starfi.

Áfram verði unnið að nauðsynlegum úrbótum í frárennslismálum.

Náttúruvernd

Unnið verði með Vatnajökulsþjóðgarði að eflingu og uppbyggingu þjóðgarðsins.

Norðurþing beiti sér gegn starfsemi innan sveitarfélagsins sem útheimtir framkvæmdir á viðkvæmum svæðum í Þingeyjarsýslum, t.a.m. orkuöflun með virkjun Jökulsár á Fjöllum, Skjálfandafljóts eða stækkun Laxárvirkjunar.

Norðurþing taki virkan þátt í náttúruverndarstarfi innan sveitarfélagsins í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og stofnanir á þeim vettvangi.

Uppgræðsla og skógrækt

Gróðursetning/skógrækt og uppgræðsla verði endurskipulögð:

Fyrst og fremst verði notaðar innlendar tegundir innan sveitarfélagsins.

Mörkuð verði stefna í skógrækt og uppgræðslu innan sveitarfélagsins sem taki mið af náttúruvernd og þörfum samfélagsins (útivist, skjólbelti, berjatínsla o.fl.) að fenginni umsögn sérfróðra aðila.

Fjármál og stjórnsýsla

V-LISTINN LEGGUR ÁHERSLU Á ÁBYRGA FJÁRMÁLASTJÓRN, OPNA STJÓRNSÝSLU OG AUKIN TÆKIFÆRI TIL LÝÐRÆÐISLEGRAR ÞÁTTTÖKU ÍBÚA DREIFÐRA BYGGÐA

Komið verði á hverfisráðum innan Norðurþings. Ráðin verði fest í stjórnsýslu með áþekktum hætti og þekkt er t.d. með hverfisráð Reykjavíkurborgar og Árborgar:

Hverfisráðum verði komið á í Reykjahverfi, í Kelduhverfi, Öxarfirði og á Raufarhöfn.

Hverfisráðin fái formlegan sess í stjórnkerfinu og verði skipuð þremur fulltrúum íbúa á hverju svæði, kosnum af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn geri samþykkt fyrir hverfisráðin þar sem hlutverk er skilgreint.

Heitum í stjórnsýslu Norðurþings verði breytt aftur til fyrra horfs þannig að „bæjarstjórn“ verði á ný nefnd „sveitarstjórn“.

Fjárhagsstaða Norðurþings er viðkvæm. Því verði:

hlúð að þeim sterku innviðum sem til staðar eru í sveitarfélaginu, en farið mjög varlega í nýframkvæmdir sem byggja á frekari lántökum eða miklum útgjöldum,

hagræðingar og aukinnar skilvirkni leitað í stjórnsýslu Norðurþings.

Sérstök áhersla verði lögð á vandaða málsmeðferð við kaup Norðurþings á þjónustu, t.a.m. með framfylgd almennra viðmiða um vanhæfi og gegnsæi við útboð eða samninga við verktaka.

Norðurþing nýti í auknum mæli stoðstofnanir til að sinna atvinnuþróun, rannsóknum og upplýsingaöflun í stað þess að sinna slíkum verkefnum innan eigin stjórnsýslu.

Norðurþing standi vörð um sterka opinbera stjórnsýslu ríkisins innan sveitarfélagsins, s.s. starfsemi og þjónustu sýsluskrifstofunnar á Húsavík, öfluga löggæslu og aðra grunnþjónustu.

Innan Norðurþings verður óútskýrður launamunur kynja tekinn til skoðunar, greindur og leiðréttur.

Samvinna og samstarf í héraði

V-LISTINN LEGGUR MIKLA ÁHERSLU Á AUKNA SAMVINNU OG SAMSTARF VIÐ ÖNNUR SVEITARFÉLÖG Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Leitast verði við að treysta samvinnu þingeyskra sveitarfélaga um almenn viðfangsefni sveitarfélaganna.

Skoðað verði aukið samstarf og, eftir því sem sátt næst um, samrekstur innan Héraðsnefndar Þingeyinga eða sérstakra byggðasamlaga. Sérstaklega verði horft til þeirra þátta þar sem dregið hefur úr samvinnu eða hún ekki verið mikil undanfarin ár.

Skipulagsmál og framkvæmdir

V-LISTINN LEGGUR ÁHERSLU Á AÐ SKIPULAGSÁÆTLANIR NORÐURÞINGS GANGI ÚT FRÁ VERNDUN VIÐKVÆMRAR NÁTTÚRU SVEITARFÉLAGSINS UM LEIÐ OG STEFNT SKULI AÐ ÞVÍ AÐ SKAPA BYGGÐ OG ATVINNULÍFI, JAFNT NÝJU OG ÞVÍ SEM FYRIR ER, FULLNÆGJANDI AÐSTÖÐU OG STARFSSKILYRÐI.

Íbúðabyggð

Við skipulagningu íbúðabyggða innan Norðurþings verði aukin áhersla lögð á að fella byggð að umhverfinu og landslagi.

Unnið verði að því að virkja og fegra græn svæði sveitarfélagsins með það að leiðarljósi að auka notkun þeirra svæða til útivistar og heilsueflingar, t.a.m. göngustíga fyrir utan eða í jaðri þéttbýlis og skrudgarðinn á Húsavík. Einnig vannýtt eða ófrágengin svæði í dreifðri eða óljósri eigu.

Húsverndun

Áhersla verði á verndun húsa og menningarminja innan Norðurþings og unnið með opinberum aðilum, húseigendum og félagasamtökum í þeim efnum.

Lögð verði áhersla á verndun, viðhald og eflingu starfsemi í gömlum og/eða merkum húsum í eigu Norðurþings, t.a.m. Kvíabekk og Samkomuhúsinu á Húsavík og skólahúsinu á Kópaskeri.

Þéttbýli

Skilgreindar verði helstu gönguleiðir skólabarna til/frá skóla á Húsavík, og m.a. athugað með uppsetningu göngu-umferðarljósa á Ásgarðsvegi, Fossvöllum og Þverholti.

Bætt verði skipulag gönguleiða og bílastæða í nágrenni hafnarsvæðsins á Húsavík með öryggi ferðamanna og hagsmuni atvinnuvega í huga.

Lögð verði áhersla á að auðvelt sé að ferðast um þéttbýli gangandi og hjólandi allan ársins hring þannig að notkun bíla til daglegra ferða verði í lágmarki. Einnig verði lögð áhersla á aðgengi fyrir alla.

Lögð verði sérstök áhersla á fegrandi aðgerðir í miðkjörnum þéttbýlisstaða Norðurþings. Samvinna verði höfð við aðila eins og hverfisráð, ungmennastarf, vinnuskóla, listafólk, félagasamtök, húseigendur og lóðarhafa með aðlaðandi, útlitsbætandi aðgerðir í miðbæjum. T.d. merkingar húsa/gatna, einkennandi málning á götum og/eða húsum, malbikun, tyrfing eða annar frágangur óaðlaðandi malarsvæða.

Menntun og menning

V-LISTINN LEGGUR MIKLA ÁHERSLU Á METNAÐARFULLT OG AÐGENGILEGT SKÓLASTARF Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM, TRAUSTA INNVIÐI Í ÞEKKINGAR- OG MENNINGARSTARFI OG TENGL MILLI ATVINNULÍFS SVÆÐISINS OG SKÓLANNA.

Leikskólar

Öllum börnum innan Norðurþings 12 mánaða eða eldri verði tryggt leikskólapláss. Einnig verði tryggð dagvistunarúrræði fyrir yngri börn frá 9 mánaða aldri.

Grunnskóli

Laga skólastarfið að breyttum forsendum t.d. varðandi nemendafjölda, gæta þess að nýta kosti fámennra skóla og standa vörð um fagmennsku.

Standa vörð um metnaðarfullt skólastarf þar sem áhersla er lögð á skóla fyrir alla, góða líðan nemenda og gott námsumhverfi.

Framhaldsskóli, símenntun og háskóli

Sveitarfélagið vinni með Framhaldsskólanum á Húsavík að þróun skólans og standi vörð um sjálfstæði hans. Sveitarfélagið vinni með skólanum að því að komið verði upp heimavist fyrir nemendur til að tryggja að skólinn geti sinnt betur sínu hlutverki sem framhaldsskóli í heimabyggð, t.d. í samstarfi við gistiheimili eða aðra ferðapjónustuaðila á Húsavík.

Norðurþing styðji við þá þróun að nemendur á fyrstu tveimur árum í framhaldsskóla hafi möguleika á að stunda framhaldsskóla sem næst sínum heimilum.

Sveitarfélagið standi vörð um símenntun og þjónustu við háskólanema fyrir íbúa sveitarfélagsins í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga.

Þekkingar- og rannsóknastarfsemi

Norðurþing standi vörð um öfluga innviði á sviði þekkingarstarfsemi og eigi samvinnu við stofnanir á því sviði. Dæmi eru námsver- og námsþjónusta fjarnema, aðkoma að verkefnasjóði fyrir háskólanema, rannsóknir á sjávarspendýrum á Húsavík, fuglarannsóknasetur á Raufarhöfn og starfsemin innan þekkingarsetursins á Húsavík.

Menningarstarf og söfn

Sveitarfélagið standi áfram vörð um Menningarmiðstöð Þingeyinga, sem grunnstofnun í miðlun sögu og menningar. Áhersla verði lögð á samstarf hennar og stofnana á vegum sveitarfélagsins, sjálfstætt starfandi setra og sýninga í sveitarfélaginu.

Norðurþingi styðji við frumkvæði í menningarstarfi einstaklinga og félagsamtaka, með styrkjum úr menningarsjóði sveitarfélagsins og aðgengi að aðstöðu.

Hlutverk ungmennahússins Túns sem menningarmiðstöðvar ungs fólks í Norðurþingi verði skilgreint og styrkt.

Æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamál

V-LISTINN VILL STYRKJA TIL MUNA INNVIÐI SAMFÉLAGSINS Í GEGNUM FJÖLBREYTT OG SKAPANDI ÆSKULÝÐS- OG TÓMSTUNDASTARF SEM BYGGIR Á VIRKRI SAMVINNU ALLRA BYGGÐALAGA Í SVEITARFÉLAGINU.

Ungmenn

Unnið verði eftir hugmyndum um virkt ungmennalýðræði í öllu starfi sem sem snertir ungt fólk í Norðurþingi.

Ungmennaráði skal gert jafn hátt undir höfði og öðrum nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

Sumarstörf unglunga verði eflað með áherslu á skapandi hugmyndaþróun, og

ungmenningu og unglit, samfélaginu öllu til góða.

Frumkvæði skal haft að góðu samstarfi við nemendafélög og –ráð innan skólastofnana sveitarfélagsins svo og við frjáls félagasamtök, enda er þar unnið ómetanlegt og óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

Íþrótt- og tómstundamál

Áhersla verði á uppbyggingu og viðhald aðstöðu til íþrótt- og tómstunda-
iðkunar í dreifðari byggðum. Þá verði könnuð hagkvæmni þess, í samstarfi við
fyrirtæki, hópa eða einstaklinga, að flytja skíðalyftur í eigu sveitarfélagsins á
svæði á Reykjaheiði þegar heilsársvegur verður fullbyggður.

Lögð verði áhersla á bættar almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins, þá
sérstaklega á leiðinni milli Raufarhafnar og Húsavíkur til þess að tryggja eins
og hægt er jafnan aðgang barna og ungmenna að íþrótt- og tómstundastarfi
óháð búsetu.

Frístundaheimili fyrir 6-10 ára börn, rekin af metnaði og á faglegum grunni,
verði í boði á ársgrundvelli.

Norðurþing gefi námsmönnum, óháð aldri, kost á að kaupa frístundakort
sambærilegt þeim sem nú þegar eru í boði fyrir börn og veita aðgang að sund-
laugum sveitarfélagsins. Auk þess skuli stefnt að víðtækara gildi kortanna, m.a.
að þau gildi líka inn á söfn og sýningar og til íþróttaiðkunar í samstarfi við
íþróttafélög.

Forvarnir og jafnrétti

Forvarnastarf skal eft, þá sérstaklega með tilliti til geðheilbrigðis og aukinnar
áherslu á kynjafræði. Mikilvægt er að stutt verði við stofnanir sem nú þegar
sinna þessu hlutverki, svo sem Setrið á Húsavík.

Jafnréttisstefna Norðurþings verði skýr og eftir henni unnið. Norðurþing
einsetji sér að vera fyrirmyndarsamfélag allra óháð uppruna, þjóðerni,
búsetu, atvinnu, skoðunum, ætterni, kyni, kynhneigð, kynvitund eða nokkurri
annarri stöðu.

Öldrunar- og heilbrigðismál

*V-LISTI LEGGUR MIKIÐ UPP ÚR HÁU ÞJÓNUSTUSTIGI Í ALMENNRI HEILBRIGÐIS-
ÞJÓNUSTU ÍBÚA OG GÓÐRI GRUNNÞJÓNUSTU VIÐ ALDRAÐA.*

Mikil áhersla verði á almenna heimaþjónustu við aldraða.

Aukin verði úrræði í búsetumálum aldraðra, m.a. út frá fyrirliggjandi húsnæði og lóðum

í umsjá og/eða eigu sveitarfélagsins.

Komið verði á öldungaráði innan sveitarfélagsins í samstarfi við félög eldri borgara á svæðinu.

Unnið verði með stjórnvöldum að lausn húsnæðismála fyrir dvalar- og hjúkrunarrými fyrir aldraða innan Norðurþings.

Sveitarfélagið standi vörð um starfsemi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og þá mikilvægu þjónustu sem stofnunin sinnir.

Velferðarmál

V-LISTINN LEGGUR ÁHERSLU Á ÖFLUGA VELFERÐARÞJÓNUSTU, AÐ SVEITARFÉLAGIÐ REKI METNAÐARFULLA VELFERÐARSTEFNU MEÐ SKÝRA FRAMTÍÐARSÝN OG AÐ EFLA STAÐARSTOLT ÍBÚA MEÐ ÞVÍ AÐ VERA LEIÐANDI OG HVETJANDI Í ÖLLU ÞVÍ JÁKVÆÐA STARFI SEM ÍBÚAR TAKA SÉR FYRIR HENDUR

Norðurþing stefni að því að verða heilsueflandi samfélag hvað varðar næringu, geðrækt, hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl, m.a. með heilsueflandi starfi innan skólanna.

Innan Norðurþings verði greiður aðgangur að sérfræðiráðgjöf, félagsrágjöf og sálfræðiþjónustu.

Geðræktarmiðstöðin Setrið verði eflid og starfsemin þróuð áfram með faglegu starfi og fjölbreyttari notkun.

Forvarnir verði eflidar frekar með auknu starfi forvarnateymis og forvarnafulltrúa.

Tengsl og þátttaka fólks af erlendum uppruna í sveitarfélaginu verði eflid og því gefið færi á að miðla sinni menningu til okkar. Sérstök áhersla verði á góða og faglega móttöku nýrra íbúa, bæði fullorðinna sem flytja í sveitarfélagið og ekki síður barna þeirra, t.a.m. í tómstundastarfi.

Búsetuúrræði fatlaðra verði bætt með auknum valmöguleikum í búsetu.

Tryggt verði aðgengi fatlaðs fólks að þjónustubyggingum í eigu Norðurþings.